

Námskeið fyrir umsjónarmenn greininga

Markmið námsins er að þjálfa starfsmenn hjá samstarfsaðilum FA til að vera umsjónarmenn greininga á hæfnikröfum starfa þar sem aðferð FA er beitt og hæfnipættir úr hæfnigrunni FA notaðir. Umsjónarmaður greininga þarf að sækja þetta námskeið eða aðra samsvarandi fræðslu til FA. Hlutverk og verkefni umsjónarmanna eru nánar útfærð í handbók fyrir umsjónarmenn hæfnigreininga.

Forkröfur

Auk þess að búa yfir þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem hér er lýst þá þurfa umsjónarmenn greininga að búa yfir reynslu í að leiða fundi og verkefni. Umsjónarmaður þarf að geta unnið með ólíkar skoðanir og leyst mögulegan ágreining. Mikilvægt er að umsjónarmaður geri sér grein fyrir ólíkum sjónarmiðum þátttakenda og virði þau. Þá er einnig gert ráð fyrir því að umsjónarmenn greininga þekki til fræðsluhönnunar, aðferða í fullorðinsfræðslu, verkefnastjórnunar og uppbyggingar hæfniramma um íslenska menntun.

Innihald

Gert er ráð fyrir því að námsmenn hafi fyrir námskeiðið kynnt sér aðferðina með því að lesa gögn sem FA lætur í té. Á námskeiðinu sjálfu er aðferðin rædd og farið er í gegnum stutt greiningarverkefni þannig að námsmenn kynnist því að vera hluti af greiningarteymi. Handbók fyrir umsjónarmenn er notuð sem námsefni og farið verður yfir efni hennar og álitamál rædd. Námsmönnum eru kynntar þær reglur sem gilda milli FA og samstarfsaðila um afnot af gögnum vegna greiningar á hæfnikröfum starfa og farið yfir það hvernig samstarfi er háttað í greiningarverkefnum.

Aðferð

Fyrirlestrar, umræður, hópvinna og verkefni í samræmi við vinnubrögð í hæfnigreiningum FA.

Námsmat

Námsmönnum er boðið upp á sjálfsmat til að meta stöðu sína að námskeiði loknu.

Skipulag og lengd

Námskeið er alls 10 klst. (2x5). Auk þess er gert ráð fyrir undirbúning námsmanna u.þ.b. 3-6 klst.

Námsviðmið

Að námi loknu hafa námsmenn öðlast eftirfarandi þekkingu, leikni og hæfni.

Námsmenn þekkja:

- Greiningarferlið og hvað felst í öllum fimm fösum þess.
- Forsögu og faglegan bakgrunn aðferðarinnar.
- Reglur sem gilda um afnot af gögnum.

Námsmenn eru færir um að:

- Stýra greiningarverkefni samkvæmt handbók fyrir umsjónarmenn greininga.
- Leiða greiningarfundi.
- Vinna úr niðurstöðum í samræmi við fyrirmynd FA.